

Lög um virðingu

AMMA

Amma, hún er mamma hennar mömmu,
og mamma er það besta sem ég á.
Gaman væri að gleðja hana ömmu,
og gleðibros á vörum hennar sjá.
Í rökkrinu segir hún mér oft sögur,
og svæfi r mig þá allt er orðið hljótt.
Syngur við mig sálma og kvæði fögur,
þá sofna ég svo vært og undur rótt.

ÉG ER GULA BLÓMIÐ FÍNA

Ég er gula blómið fína,
blómið fína,
gulu blöðin vil ég sýna,
vil ég sýna,
kátir krakkar klöppum saman,
klöppum saman,
ofsalega er nú gaman,
er nú gaman.
(einnig sungið um bláa, rauða og græna blómið)

HÖFUÐ, HERÐAR, HNE OG TÆR

Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær.
Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær.
Augu, eyru, munnur og nef.
Höfuð, herðar, hné og tær,
hné og tær.

LAGIÐ UM ÞAÐ SEM ER BANNAÐ

Það má ekki pissa bak við hurð
og ekki henda grjóti oní skurð.
Ekki fara í bæinn
og kaupa popp og tyggjó
og ekki nota skrúfjárn fyrir sleikjó.

Það má ekki vaða úti sjó
og ekki fylla húfuna af snjó.
Ekki tína blómin,
sem eru út í beði
og ekki segja ráddi heldur réði.

Viðlag:

Þetta fullorðna fólk er svo skrítið,
það er alltaf að skamma mann.
Þó maður geri ekki neitt,
það er alltaf að skamma mann.

Það má ekki skoða lítinn kall
og ekki gefa ketti drullumall.
Ekki skjóta pabba,
með byssunni frá ömmu
og ekki tína orma handa mömmu.

Það má ekki hjóla inn í búð
og ekki gefa litla bróður snúð.
Ekki fara að hlæja
þó einhver sé að detta
og ekki gera hitt og ekki þetta.
Viðlag:

SAGAN AF GUTTA

Sögu vil ég segja stutta,
sem að ég hef nýskeð frétt.
Reyndar þekkið þið hann Gutta,
það er alveg rétt.
Óþekkur er ætíð anginn sá.
Út um bæinn stekkur hann og hoppar til og frá.
Mömmu sinni unir aldrei hjá,
eða gegnir pabba sínum.
Nei, nei, það er frá.
Allan daginn út um bæinn,
eilíf heyrast köll í þeim:
„Gutti, Gutti, Gutti, Gutti,
Gutti komdu heim“.

Andlitið er á þeim stutta,
oft sem rennblautt moldarfl ag.
Mædd er orðin mamma' hans Gutta,
mælir oft á dag:
„Hvað varst þú að gera Gutti minn?
Geturðu aldrei skammast þín
að koma svona inn?
Réttast væri að fl engja ræfi linn.
Reifstu svona buxurnar
og nýja jakkann þinn?
Þú skalt ekki þræta Gutti,
það er ekki nokkur vörn.
Almáttugur, en sú mæða,
að eiga svona börn“.

Gutti aldrei gegnir þessu,
grettir sig og bara hlær,
orðinn nærrí' að einni klessu,
undir bíl í gær.
O'n af háum vegg í dag hann datt,
drottinn minn, og stutta nefi ð,
það varð alveg fl att,
eins og pönnukaka. Er það satt?
Ó, já því er ver og miður,
þetta var svo bratt.
Nú er Gutta nefi ð snúið,
nú má hafa það á tröll.
Nú er kvæðið næstum búíð,
nú er sagan öll.

SMALADRENGURINN

Út um græna grundu
gakktu, hjörðin mín,
yndi vorsins undu,
eg skal gæta þín.
Sól og vor ég syng um,
snerti gleðistreng,
leikið, lömb, í kringum
lítinn smaladrengr.

VERTU TIL

Vertu til er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út því sólskinið vill sjá þig,
sveifl a haka og rækta nýjan skóg.
Sveifl a haka og rækta nýjan skóg - hei!